

Fréttatilkygning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 34/2011.

Reykjavík, 28.09.2011

2011090386

Efni: Ómerktir ofnæmis- og óþolsvaldur (sojalesitín) á umbúðum „Rjómaís með súkkulaði“ frá Emmessís.

Emmessís ehf. hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði vörunar „Rjómaís með súkkulaði“ í 1 l umbúðum og 1,5 l umbúðum þar sem ofnæmis- og óþolsvaldur er ekki merktur á umbúðum þeirra.

Vöruheiti: „Rjómaís með súkkulaði“.

Magn: 1 l og 1,5 l.

Umbúðir: Plastöskjur.

Framleiðandi: Emmessís ehf, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík .

Geymsluskilyrði: Frystivara.

Dreifing: Matvöruverslanir um land allt.

Ekki kemur fram í innihaldslýsingu á umbúðum varanna að þær innihaldi sojalesitín. Soja og afurðir úr því eru á lista yfir ofnæmis- og óþolsvalda. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Tekið skal fram að vörunar eru skaðlausar fyrir þá sem ekki eru viðkvæmir fyrir soja eða afurðum úr því. Vörunar „Rjómaís með súkkulaði“ í 1 l og 1,5 l umbúðum, sem ómerktar eru m.t.t ofnæmis- og óþolsvalda skulu ekki vera í dreifingu eftir 28.09.2011. Samkvæmt upplýsingum frá Emmessís ehf. hefur fyrirtækið hafið endurmerkingar á vörunum. Þeir neytendur sem eiga umræddar vörur og eru viðkvæmir fyrir soja eða afurðum úr því eru beðnir um að farga þeim eða hafa samband við Emmessís ehf. í síma 520 4200.

